



CAPTAIN  
MACAQUE

[www.facebook.com/captainmacaque](https://www.facebook.com/captainmacaque)  
[www.captain-macaque.com](http://www.captain-macaque.com)  
[captain.macaque@gmail.com](mailto:captain.macaque@gmail.com)

PARTÍSPIL FYRIR HEILANN

**CORTEX<sup>2</sup>**  
Challenge

LEIKREGLUR

## Leikreglur

### Innihald:

90 spil (74 þrautaspil, 6 snertiprautaspil, 10 upphleypst snertispil), 6 heilapúsl (24 brot).

### Markmið leiksins:

Allir leikmenn keppast um að ljúka 8 mismunandi þrautum sem æfa ýmis konar heilavirkni. Sá fyrsti sem safnar 4 heilabrotum og klárar heilapúslíð sitt sigrar.

### Undirbúningur:

Leggið snertispilin 10 á borðið. Allir leikmenn skoða þau og snerta í um 30 sek. Snertispilabunkinn er síðan lagður til hliðar.

Stokkið þrauta- og snertiprautaspilin og leggið í bunka á mitt borðið með framhliðina niður. Á bakhlið spilanna eru ták sem gefa til kynna hvers konar þraut er í vændum (sjá lýsingar á þrautum að neðan).

### Gangverk:

Yngsti leikmaðurinn byrjar á því að fletta efsta spilinu úr miðjubunkanum. Allir leikmenn skoða spilið og reyna að finna svarið.

Um leið og leikmaður heldur að hann hafi svarið, leggur

## Prautalýsingar:



### 1 - Fjölvinnsla

Á bakhliðinni er litur fyrir hvora hönd (rautt fyrir vinstri og blátt fyrir hægri). Með réttri hönd, lyftir leikmaður þeim fjölda fingra sem myndin sýnir og á sama tíma kallar hann upp tölu sem sýnd er í talblöðrunni og leggur hina höndina á spilið. (t.d. á móti: leikmaður sýnir 2 fingur hægri handar og segir „8“ og leggur vinstri höndina á spilið)



hann höndina yfir spilið. Hann svarar og afhjúpar svo spilið til að sjá hvort svarið sé rétt. Munið að hver leikmaður má aðeins svara einu sinni í hverri umferð.

### 👉 Rétt svar:

Leikmaður tekur spilið og leggur fyrir framan sig með framhliðina niður. Leikmaður má ekki hafa fleiri en 4 spil hverju sinni. Ef leikmaður vill halda spili sem hann vinnur en er þegar með 4, verður hann að skila einu. Þegar leikmaður hefur **tvö eins spil** (sams konar bakhlið) má hann skipta þeim fyrir heilabrot.

### 👉 Rangt svar:

Ef svarið er rangt, verður leikmaðurinn að skila spilinu og má ekki svara í næstu umferð.

### Leikslok:


Fyrsti leikmaðurinn sem **lýkur heilapúslinu** sínu vinnur leikinn.

ATH: Ef aðeins eru tveir leikmenn og annar gefur rangt svar, er spilinu ekki kastað, heldur fær hinn leikmaðurinn það. Síðan heldur leikurinn áfram eins og venjulega.




### 2 - Athygli

Í hvaða lit er bilaða vélmennið?  
(t.d. á móti: bilaða vélmennið er svart)



### 3 - Ferningar

Hversu marga ferninga þarf til að fylla auða rýmið?  
(t.d. á móti: 16 ferninga þarf til að fylla inn í myndina)



### 4 - Greining

Í hvaða lit mynda 4 flöskutappar lóðréttá, láréttá eða skáröð?  
(t.d. á móti: tapparnir 4 í röð eru bláir)



### 5 - Einstakt

Hvaða mynd er einstök í lit eða formi?  
(t.d. á móti: nótan er eina einstaka formið – önnur sjást tvisvar eða oftar. Engin mynd er einstök á litinn – 2 gular, 2 grænar, 2 rauðar og 2 svartar)



### 6 - Samsetning

Hvert litablómanna passar í stjörnuna, með litina í rétttri röð?  
(t.d. á móti: ef blómi 2 er snúið rangsælis, mun það passa rétt í stjörnuna)



### 7 - Slóð

Hvaða inngangur liggja í miðju völungarhússins?  
(t.d. á móti: A og B liggja í miðju völungarhússins)



### 8 - Snertipraut

Þetta spil gefur þeim sem vann síðasta spil rétt á að leysa snertiprautina. Hinir leikmennirnir velja spil úr snertiprautaspilabunkanum og leggja það fyrir þann sem leysir þrautina með framhliðina niður. Leikmaðurinn hefur síðan 10 sekúndur til að þekkja hlutinn eða áferðina af snertingunni. Aðeins er eitt rétt svar (t.d. á móti: páfagaukur).



Ef svarið er rétt, vinnur leikmaðurinn annað heilabrot. Snertiprautaspilinu er skilað í bunkann. Ef svarið er rangt, heldur leikurinn áfram með næsta spil.

### Athugasemdir:

- 👉 Ef leikmaður gefur rangt svar við þraut á undan snertiprautaspili, setur hann snertiprautaspilið aftur í bunkann og stokkar hann aftur.
- 👉 Ef tvö snertiprautaspil birtast í röð er því seinna skilað aftur í bunkann og hann stokkaður.
- 👉 Upphleypstu áferðirnar 10 eru: ryð – bjalla – frostkristallar – golfkúlar – hnetur – litkaplómur – páfagaukur – páfuglsfjödur – rifjárn – malbik.